



205. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 13. nóv. 2019 kl. 09:30.

Mætt: Elín Einarsdóttir, Guðríður Egilsdóttir (fulltrúi kennara) var fjarverandi, Haraldur Eiríksson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Kristín Traustadóttir, Olga Lísía Garðarsdóttir, Pia Rita Simone Schmauder (fulltrúi foreldra), Sólmundur Sigurðarson (fulltrúi nemenda) og Þórarinn Ingólfsson.

Ingvar Pétur formaður skólanefndar setti fundinn kl. 09:30

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 204 var samþykkt og undirrituð án athugasemda.

2. Haustönn 2019 – viðburðir og fréttir - OLG

Olga Lísía sagði frá því helsta sem tengist önninni. Hún minntist á brotthvarfið og hugsanlegar ástæður þess. Meðal annars minntist hún á tengsl við grunnskóla og upplýsingar frá þeim varðandi nemendur sem standa illa. Skemmdir hafa verið unnar á húsgögnum. Lögreglan hefur verið að koma í heimsókn í Braga tíma til að ræða umferðar- og fíkniefnamál. Einnig kom lögreglan í heimsókn á kennarafund og ræddi sömu mál. Virkni í Erasmus samskiptum hefur verið nokkur og hafa nemendur sem farið hafa í þessar ferðir staðið sig mjög vel. Unnið hefur verið að endurbótum á þreksalnum í Iðu bæði aðstöðu og tækjum. Skjalakerfi GoPro er verið að taka upp undir dyggri stjórn Elínar Kristbjargar Guðbrandsdóttur. Jafnlaunavottun er í vinnslu innan skólans og hefur verið unnið með FB, FÁ og FS að þeim málum. Alltaf er verið að bæta og uppfæra tæki og búnað í kennslustofum.

3. Fjármál FSu – rekstraráætlun – stefnuskjal – HE, OLG

Haraldur greindi frá því helsta sem tengdist fjármálunum og sagði hann að reikna mætti með halla upp á um 25 milljónir á þessu ári. Ljóst er að framlag ríkissjóðs á næsta ári lækkar á milli ára 2019 til 2020. Um áramót kemur inn svokölluð markaðsleiga á húsnæðinu sem leiðir til hækkunar. Sýnt var stefnumið skólans til næstu þriggja ára (2020 – 2022).

4. Heimavist við FSu – tíðindi af fundi í Mrn. – IPG, JGV

Ingvar greindi frá fundinum sem haldinn var í ráðuneytinu. Hann sagði frá því að ráðuneytið ætlaði að skoða málið frekar og yrði bréf sent frá ráðuneytinu. Bréf hefur verið sent til þess að afla gagna um ýmislegt sem tengist þarfagreiningu vegna heimavistar. Ráðuneyti hefur nú þegar fengið ýmis gögn send frá FSu. Almenn jákvæðni gagnvart heimavist kom fram á fundinum í ráðuneytinu að sögn Ingvars og Jóns.



5. Starfsmannamál – fyrirhugaðar breytingar á næstu önn - OLG

Þrír kennarar eru að láta af störfum um áramót. Fleiri láta síðan af störfum næsta vor. Það vantar enn kennara í verknámið og verður að koma í ljós hvernig gengur að ráða í þau störf.

6. Nemendafélagið – viðburðir haustannar - Sólmundur

Sólmundur greindi frá því helsta sem hefur verið í gangi hjá NFSu. Söngkeppnin var haldin 24. október og tókst hún vel. Fundargat hefur verið á miðvikudögum fyrir félagslífið og vilja nemendur halda því. Góðgerðarvikan var haldin í byrjun október og söfnuðust um 200.000 kr. sem runnu til góðs málefnis (SOS barnaþorpin). Unnið hefur verið í samvinnu við Pakkhúsið á Selfossi að nokkrum málum. Undirbúningur að „Gettu betur“ og „Morfís“ gengur vel. Skipulögð var ferð á „paint ball“ mót til Reykjavíkur. Í næstu viku verður nóvember dansleikur haldinn hér í skólanum (salnum í Odda). Góðir gestir hafa komið í heimsókn og er von á Gumma Tóta í næstu viku til að skemmta nemendum. Nemendagjöldin hafa skilað sér vel til NFSu.

7. Önnur mál

- a. Brautskráning verður föstudaginn 20. desember kl. 14:00.
- b. Ingvar spurði hvernig gengi að mennta fangana og kom fram í svari skólameistara að þeir sem væru að sinna náminu væru jákvæðir og andi væri góður. Staða nemenda er mismunandi góð.
- c. Óskað er eftir kynningu á sérnámsbrautinni (starfsbrautinni) á næsta fundi skólanefndar.
- d. Rætt um leyfisveitingar og læknisvottorð.

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 13. febrúar kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:07
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson